

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Smiðja, Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Búðardal, 13. maí 2024

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu og uppbyggingu sögustaða.

Vísað til umsagnarbeiðnar nr. 12590 frá allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis sem send var út 03.05.2024 vegna tillögu til þingsályktunar um eflingu og uppbyggingu sögustaða frá menningar- og viðskiptaráðherra.

Í framlagðri ályktun er sögustaður skilgreindur sem staður: „...sem hefur gegnt mikilvægu hlutverki í sögunni og skipar sérstakan sess í sögu lands og þjóðar eða er á annan hátt til þess fallinn að gefa fólki kost á að minnast þess liðna og skapa samkennd meðal þjóðarinnar.“

Innan Dalabyggðar eru vissulega sögustaðir sem eiga vel undir þessa skilgreiningu. Má þar nefna sem dæmi Eiríksstaði í Haukadál, Ólafsdal við Gilsfjörð, Dagverðarnes á Fellsströnd, Guðrúnarlaug í Sælingsdal, Skarð á Skarðsströnd, Sauðafell í Suðurdölum, Staðarhól í Saurbæ, Hvamm og Krosshólaborg í Hvammssveit. Þar fyrir utan er fjöldinn allur af stöðum sem gegnt hafa mikilvægu hlutverki eða eru á annan hátt til þess fallnir að minnast þess liðna. Má þar nefna staði sem koma fyrir í Landnámu, Eiríks sögu rauða, Laxdælu og Sturlungu en einnig staði sem skipa sér sess í sögunni nær okkar tímum.

Þó er þessum stöðum gert mishátt undir höfði, stundum vegna eignarhalds, þ.e. staðurinn er innan lands í einkaeigu og ekki tækifæri eða vilji til að byggja hann frekar upp. Þá eru áherslur á uppbyggingu slíkra staða mismunandi, það sem einum þykir þess vert að gera hátt undir höfði þykir öðrum ekki endilega þess virði. Einnig getur fjármagnsþörf verið þröskuldur í uppbyggingu staða sem ekki endilega eru til þess fallnir að skila mikilli arðsemi að uppbyggingu lokinni, þó þeir séu sögu lands og þjóðar mikilvægir.

Það sem við höfum séð í uppbyggingu sögustaða innan Dalabyggðar er m.a. að oft reynist erfitt að fá fjármagn til daglegs reksturs og viðhalds að formlegri uppbyggingu lokinni. Því miður þurfa flest verkefni fjármagn að nýju þegar frá líður uppbyggingu, það þarf að endurnýja skilti, laga göngustíga, viðgerðir á yfirbyggingu o.s.frv. Hver sögustaður á mismunandi tækifæri til rekstrar á eigin forsendum, sem dæmi skiptir máli hvort þar sé þjónusta sem hægt er að innheimta fyrir eða ekki.

Því er ekki eingöngu nóg að gera áætlun um hvar eða hvernig skuli efla eða byggja upp heldur þarf að huga að því hvernig eigi að viðhalda þeirri uppbyggingu sem farið hefur fram. Að öðru leyti gerir Dalabyggð ekki athugasemdir við framlagða þingsályktunartillögu og fagnar henni.

Umsögn samþykkt á 38. fundi menningarmálanefnd Dalabyggðar 13.05.2024